

# STYKKISHÓLMSBÆR

---

## Framtíðarskipulag gönguleiða, stíga og leikvalla í landi Stykkishólmsbæjar



**Skýrsla vinnuhóps á vegum Stykkishólmsbæjar**

**– unnin frá janúar til maí 2012**

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Yfirlit.....	4
1 Leikvellir og leiksvæði innanbæjar.....	5
Inngangur .....	5
Núverandi ástand.....	5
Tillögur og forgangsröðun .....	10
2 Gangstéttir, göngustígar og þveranir innanbæjar.....	11
Inngangur .....	11
Núverandi ástand.....	11
Tillögur og forgangsröðun .....	12
3 Gönguleiðir utan þéttbýlis.....	14
Inngangur .....	14
Núverandi ástand.....	14
Tillögur og forgangsröðun .....	14
4 Aðrar tillögur.....	16
4.1 Tillaga um útivistarsvæði við Búðanes .....	16
4.2 Tillaga um útivistarhring með æfingastöðvum .....	16
4.3 Tillaga varðandi gangbrautir .....	17
Samantekt.....	18
Lokaorð.....	19

## Inngangur

Á fundi bæjarráðs Stykkishólms, þann 15. september 2011 var tillaga um skipun í vinnuhóp um framtíðarskipulag gönguleiða, stíga og leikvalla í landi Stykkishólms lögð fram og samþykkt. Tillagan var svohljóðandi:

*“Við undirrituð leggjum til að skipaður verði vinnuhópur til þess að vinna að framtíðarskipulagi gönguleiða, stíga og leikvalla. Í vinnuhópnum verði þrír fulltrúar og þrír til vara.*

### **Greinargerð:**

*Síðustu ár hefur sterklega komið fram sú ósk frá íbúum og þar á meðal á íbúáþingi að farið verði í gerð hvers kyns stíga. Mikil heilsuefling hefur orðið í bæjarfélaginu. Æ fleiri stunda einhvers konar heilsurækt sem er vel. Stígar munu auka fjölbreytni í hreyfingu. Það mun án efa skila sér síðar meir í betri heilsu hjá bæjarbúum auk þess sem það mun styðja við heilsutengda ferðapjónustu. Einnig eru í Stykkishólmsbæ nokkrir leikvellir sem eru í misgóðu ástandi. Þörf er að gera bragarbót þar á.*

*Berglind Axelsdóttir*

*Davíð Sveinsson*

*Íris Huld Sigurbjörnsdóttir“*

### **Hlutverk vinnuhópsins skv. erindisbréfi er:**

- Að vinna að tillögum um framtíðarskipulag gönguleiða, stíga og leikvalla í landi Stykkishólmsbæjar.
- Að leggja til forgangsöröðun verkefna.
- Að leita til þeirra er málið kann að varða s.s. skipulags og byggingafulltrúa, nefnda, stjórna og stofnana Stykkishólmsbæjar, íþróttafélaga í Stykkishólmi, Aftanskins, íþróttakennara, sjúkraþjálfara, auk annarra tengdra aðila.

Á fundi bæjarstjórnar þann 20. október 2011 voru eftirfarandi aðilar skipaðir í vinnuhópinn:  
Aðalmenn: Ingi Berg Ingason formaður, Hrefna Frímannsdóttir og Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, varafulltrúar Hörður Karlsson, Steinunn Helgadóttir og Hjörleifur K. Hjörleifsson.

## Yfirlit

Vinnuhópurinn hittist á fyrsta fundi í desember 2011 þar sem aðilar skiptu með sér verkum, Ingi Berg var skipaður formaður og Íris Huld skipuð ritari. Þá var farið stuttlega yfir verkefnið sem framundan var og gögnum dreift til aflestrar og skoðunar yfir jólahátíðina. Formleg vinna hófst svo í janúar 2012. Vinnuhópurinn fundaði samtals fjórtán sinnum, ýmist á vinnufundum í Ráðhúsinu eða á verklegum göngufundum þar sem farið var nokkuð skipulega yfir leikvelli og gönguleiðir innan- og utanbæjar.

Byrjað var á yfirferð yfir leikvelli bæjarins þar sem leiktæki og ástand þeirra var listað upp og fljótlega var tekin sú stefna að flokka leikvelli eftir stærð og áherslum eftir aldursflokkum. Einnig var rætt um að halda ákveðnum fjölbreytileika á milli leikvalla til að auka breidd í upplifun á milli svæða og hverfa í bænum. Jafnframt kom í ljós þörf á að setja upp vegvísa sem vísa leiðina að hverjum leikvelli og frá einu svæði til annars ásamt því að veita yfirsýn yfir alla leikvelli í bænum.

Næst var farið yfir gönguleiðir, gangstéttir og þveranir innanbæjar. Byrjað var á því að meta ástand núverandi gangstétta og stíga og í framhaldinu var kortlagt hvar þörf væri á úrbótum og/eða breytingum.

Þá var að endingu farið yfir gönguleiðir út úr og umhverfis bæinn og kortlagt hvernig unnt sé að bæta við það sem fyrir er og búa um leið til heildstæðar gönguleiðir sem væru mislangar. Við þá vinnu var m.a. stuðst við bækling um gönguleiðir í og umhverfis Stykkishólm sem Efling Stykkishólms (félag atvinnulífsins í Stykkishólmi) gaf út fyrir nokkrum árum.

Til viðbótar framangreindu voru skoðaðir möguleikar á uppsetningu svokallaðra æfingastöðva við gönguleiðir. Við þá vinnu var m.a. horft til Heilsustíga í Hveragerði og Þorlákshöfn og ýmsar leiðir til fjármögnunar slíks verkefnis, ræddar og skoðaðar. Hugmyndin með heilsustígum er að ná til almennings og virkja alla sem vilja hreyfa sig meira og taka upp breyttan lífsstíl.

Í tengslum við vinnu vinnuhópsins og viðræðum fulltrúa við íbúa á meðan vinnuferlið hefur staðið yfir hefur greinilega komið fram ánægja með að þessi vinna sé komin í gang.

Vinnuhópurinn hefur sett saman yfirlit yfir vinnu sína og tillögur í skýrslu þessa sem er skipt í fjóra meginkafla þar sem fjallað er um 1) leikvelli og leiksvæði innanbæjar, 2) gangstéttir, göngustíga og þveranir innanbæjar, 3) gönguleiðir utan þéttbýlis og 4) aðrar tillögur.

# 1 Leikvellir og leiksvæði innanbæjar

## **Inngangur**

Í Stykkishólmi eru sex leikvellir ásamt leiksvæði við Grunnskóla Stykkishólms og leiksvæði við Leikskóla Stykkishólms. Leikvellirnir dreifast nokkuð jafnt um bæinn en þeir eru mismunandi að stærð og ásigkomulagi. Sú hugmynd kviknaði hjá vinnuhópnum að skipta bænum upp í þrjú svæði og leikvöllunum upp í stærðir, þ.e. út frá fjölda tækja og einnig að aldurskipta þeim. Með því verður dreifing leikvalla í Stykkishólmi þannig að í öllum hverfum sé tiltölulega stutt að sækja í leikvöll í takt við aldur notenda. .

## **Núverandi ástand**

Leikvellirnir sem eru til staðar í dag eru staðsettir við Lágholt, Áskinn, Skúlagötu, Stöðina (við Silfurgötu) og í Flatahverfi. Þar til viðbótar eru leiksvæði á lóðum við grunnskóla og leikskóla, auk þess sem að jafnaði eru leiktæki við tjaldsvæði.

Á þessum leikvöllum eru mörg tæki sem sum hver er hægt að gera upp og nota áfram, öðrum þarf að skipta alveg út. Einhverja leikvelli þarf að byggja upp frá grunni en um leið væri hægt að endurnýta nothæf leiktæki og færa yfir á þá leikvelli sem eru aftar í uppbyggingarferlinu samkvæmt viðhaldsáætlun. Áður en kom að þessari vinnu hafði verið leitað hugmynda hjá KRUMMA ehf., en það er fyrirtæki sem sérhæfir sig í leiktækjum fyrir leikvelli og fleira. Í þeirra hugmyndum komu m.a. fram tillögur um dreifingu leiktækja á leikvöllina, en þeim er skipt talsvert niður eftir aldri notenda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gerði úttekt á leikvöllum í Stykkishólmi og gerði athugasemdir við ástand leiktækja o.fl. í samræmi við lög og reglugerðir. Helstu athugasemdir sem komu fram í þeirri skýrslu voru að ekki var viðunandi fallundirlag við sum leiktækin, og yfirfara þarf og laga tæki með tilliti til staðla og reglugerða.

## **Stærðarflokkar**

- |    |           |  |
|----|-----------|--|
| A: | 8+ tæki;  | Grunnskóli (eldri) - Leikskóli (yngri) |
| B: | 5-6 tæki; | Lágholt, Flatahverfi, Skúlagata        |
| C: | 3 tæki;   | Áskinn, Stöðin, tjaldsvæði             |

## **Markhópar**

- Yngsta stig: Leikskóli, tjaldsvæði, Skúlagata og Flatahverfi.
- Eldra stig: Grunnskóli, Stöðin, Lágholt
- Blandað: Áskinn

(sjá mynd nr. 1.1).

Með þessari skiptingu ætti aldrei að vera langt í leikvöll við hæfi, hvar sem er í Stykkishólmi þar sem umhverfið og áskoranir eru mismunandi á hverjum og einum leikvelli.

### Grunnskóli Ab

Gert er ráð fyrir að þetta sé stórt leiksvæði með átta eða fleiri tækjum sem höfða til barna á grunnskólaaldri. Þar er einnig gert ráð fyrir að séu svæði fyrir boltaleiki s.s körfubolta, fótbolta, blak o.fl. Á þessu svæði eru í dag tvær rennibrautir, rólur og þrjú vegasölt en að auki er þar hreystivöllur. Þetta svæði er nú þegar komið í skipulagsferli og gert ráð fyrir framkvæmdum á þessu ári. Áhersla er lögð á að svæðið við Grunnskólann verði klárað sem fyrst.



### Leikskóli Aa

Á leikskólalóðinni er stór leikvöllur með leiktækjum fyrir börn á leikskólaaldri. Þetta svæði var hannað samhliða hönnun leikskólahúsnæðis sem tekið var í notkun árið 2007 og tekur því mið af nútíma kröfum.

Á lóðinni eru góð tæki og fjölbreytileikinn til staðar.



### Lágholt Bb

Þessi leikvöllur er á skjólsælum stað og vel afmarkaður. Talsvert mikil notkun er á leikvellinum og því brýnt að hann sé aðlaðandi og öruggur.

Hugmynd vinnuhópsins er að þarna verði fimm til sex leiktæki fyrir börn á grunnskólaaldri.

Leiktæki til staðar: karfa, einfalt vegasalt, tvöfalt vegasalt, róla (dekkja og venjuleg), lest og kastali með rennibraut.



### Flatahverfi Ba

Þessi leikvöllur tekur stórt svæði og er vel afmarkaður með góðri girðingu. Það er þó ekki mikið skjól á þessum leikvelli en hann stendur mjög opinn fyrir norðan- og norðaustanátt. Líklegt er talið að þessi völlur verði færður til þegar/ef uppbygging Víkurhverfis heldur áfram. Þá leggur vinnuhópurinn til að um lítinn 3ja tækja leikvöll fyrir leikskólaaldur verði að ræða sem staðsettur verði m.t.t. íbúabyggðar í hverfinu.

Leiktæki til staðar: klifurgrind/kastali með rólu, róla (2\*dekk), hús (lítið).



### Skúlagata Ba

Leikvöllurinn snýr á móti suðri og er í skjóli af íbúðarhúsum á þrjá vegu. Hugmynd vinnuhópsins er sú að þarna verði leikvöllur með fimm til sex leiktækjum fyrir börn á leikskólaaldri. Mikilvægt er að vísa betur á þennan leikvöll þar sem hann sést ekki vel frá götunni og aðgengið að honum sem er nokkuð gott frá Skúlagötu vísar ekki á hann. Lagfæra mætti aðgengi að honum frá Austurgötu en á skipulagi er merktur gangstígur að honum frá Austurgötu milli Austurgötu 10 og lóðar Tangagötu 1. Leiktæki til staðar: lest, breið rennibraut, rólur (2\*dekk) og vegasalt.





### Áskinn Cc

Þessi leikvöllur er innan girðingar en hún afmarkar mikið svæði. Samkvæmt hugmyndum vinnuhópsins væru þarna þrjú leiktæki fyrir börn á leikskóla og grunnskólaaldri. Einnig má gera ráð fyrir sparksvæði þar sem góð grasflöt er á svæðinu.

Leiktæki til staðar: sparkveggur, vegasalt, lest, hús, róla (2\*dekk), rennibraut.



### Stöðin Cb

Svæðið er nokkuð opið fyrir norðanáttum en skemmtilegt umhverfi þar sem klettur sem afmarka hann á einn veg og fallett útsýni út á sjó. Hugmyndin er að þarna verði þrjú leiktæki fyrir börn á grunnskólaaldri.

Leiktæki til staðar: rólur (2\*dekk), hús, vegasalt-einfalt.



## Tjaldsvæði Ca

Á leiksvæði við tjaldsvæði er lagt til að verði þrjú leiktæki fyrir börn á leikskólaaldri þar sem nauðsynlegt er að yngri börn sem ekki geta sótt í leiktæki og aðstöðu á skólalóð hafi einhverja afþreyingu á tjaldsvæðinu. Fyrir börn á grunnskólaaldri er stutt að fara yfir að grunnskólanum á leiksvæðið þar.

Á tjaldsvæði hafa verið sandkassi og róla .

Að auki lagt til að við þjónustuhús verði staðsett æfingastöð í tengslum við gönguleiðir. Sjá nánar í kafla 4.

## Tillögur og forgangsröðun

Vinna við grunnskólalóð er þegar komin í ákveðið ferli og er brýnt að það verkefni gangi hratt og vel fyrir sig.

Tillaga vinnuhópsins að forgangsröðun við endurgerð og breytingar á leikvöllum bæjarins er að leikvellirnir við Skúlagötu og Stöðina verði í fyrsta forgangi. Næst verði svo leikvellirnir við Lágholt og Flatir og síðast leikvellir við Áskinn og tjaldsvæðið. Með þessari röð næst að fara yfir leikvelli fyrir báða aldurshópana en þó á sitthvoru svæðinu í bænum í einu.

Þegar verið er að endurnýja tæki á einum leikvelli má nota þau tæki sem hægt er að gera upp á þeim leikvöllum sem eru á bið þangað til kemur að endurnýjun þar. Lagt er til að leitað verði eftir frekara samstarfi við fyrirtæki eins og Krumma ehf., varðandi val á tækjum þar sem endurnýja á búnað í takt við stærðarflokkarnir og aldursflokkaáherslur sem nefndar eru hér að framan.

Einnig er lagt til að sett verði upplýsingaskilti á hvern leikvöll sem vísar á aðra leikvelli bæjarins. Það auðveldar ferðafólki að fara á milli og finna eitthvað nýtt og spennandi fyrir börnin. Upplýsingaskiltin gætu jafnvel þjónað þeim tilgangi að tengja saman leikvöllina og mynda skemmtilegan gönguhring innanbæjar (Sjá mynd nr. 1.2).

Þar sem leikvellirnir blasa ekki við frá götu væri hægt að setja vegvísa sem vísa á viðkomandi leikvöll frá götu (t.d. við Skúlagötu/Austurgötu).



## 2 Gangstéttir, göngustígar og þveranir innanbæjar

### Inngangur

Gangstéttir í Stykkishólmi eru um 15,2km að lengd en með malarstígum er heildarlengdin 17 km. Farið var með öllum gangstéttum og stígum í innanbæjar hluta Stykkishólms og þær lengdarmældar og ástandsmetnar. Stéttunum var skipt upp í fjóra flokka eftir ástandi: mjög góðar stéttir (aðallega nýsteiptar eða hellulagðar stéttir), góðar stéttir (ekki sprungnar eða brotnar), sæmilegar stéttir (með sprungum) og ófullnægjandi stéttir (mikið sprungnar og brotnar), (sjá mynd 2).

### Núverandi ástand

#### Gangstéttir

Flokkur	Metrar	Hlutfall
<b>Mjög góðar</b>	3.400	22%
<b>Góðar</b>	6.100	40 %
<b>Sæmilegar</b>	4.200	28%
<b>Ófullnægjandi</b>	1.500	10%

Nýjar stéttir sem voru steiptar voru mjög mismundandi gerðar. Á sumum var gerð rás til að hindra sprungumyndun á stétt en öðrum var ekkert gert til að hindra það. Þá var mikið um að það vantaði að setja jarðveg að nýgerðum stéttum eða setja grastorfur við stéttina. Við skoðun kom í ljós að mikið vantaði upp á að flái (skábraut niður að götu) væri í lagi. Mikið var um að á eldri stéttum var ekki flái og á nýrri stéttum var hann mjög mismunandi útfærður og jafnvel ekki til að auðvelda aðgengi. Þar sem kantsteinn hefur verið steiptur og gangstétt ekki sett vantar víða að setja jarðveg.



### **Malarstígar og þverleiðir**

Malarstígar í innanbæjar hluta Stykkishólms eru 1,7km (sjá mynd nr. 3). Víða þarf að fara með þeim og afmarka þá betur, þar sem gróður er farinn að fara yfir stíginn. Bæta þarf efni í þá ef ekki stendur til að leggja bundið slitlag eða annað varanlegt efni. Þá skolast mikið efni af stígum þegar vorleysingar eru svo sem við Laufásveg – Skúlagötu og við stíginn upp að Vatnasafninu. Einnig vantar að setja lýsingu með fjölförnum stígum eins og við Grunnskólann. Ekki var farið út í ástandsmat á malarstígum eins og gert var við gangstéttir.



### **Tillögur og forgangsröðun**

#### **Gangstéttir**

Fara þarf í að lagfæra stéttir þar sem ástand var talið ófullnægjandi sem fyrst. Fyrsti áfangi uppbyggingar mætti vera lagfæring á gangstéttum við Aðalgötu, Skólastíg og við hafnarsvæðið samtals 430 metrar. Næsti áfangi væru gangstéttir við Bókhöðustíg, Silfurgötu og fremsti hluti Reitarvegs samtals 180 metrar. Þá Skúlagata 280 metrar, Lágholt og Árnatún samtals 240 metrar, Ásklif, Áskinn og Flatir samtals 190 metrar og að endingu Reitarvegur 180 metrar (sjá mynd nr. 4).

Nýjar gangstéttir sem þarf að gera eru um 2,1km, þar af þarf að tengja iðnaðarsvæðið á Hamraendum við gangstígakerfi Stykkishólms en það er um 900 metrar, með því má gera góðan gönguhring sem er fær öllum aldurstigum um Stykkishólm (sjá nánar í kafla 3). Aðrar gangstéttir sem þarf að gera er 30 metra stétt í miðbænum, 10 metra stétt frá bílastæði að þjónustuhúsi við tjaldsvæði, 170 metra stétt frá Aðalgötu að tjaldsvæði, 60 metra stétt við Austurgötu og sjúkrahús, 110 metra stétt við Tjarnarás, 90 metra stétt við Búðanes að Ásklifi, 250 metra stétt frá Nesvegi að Skipavíkurbryggju, 300 metra stétt við Nesveg, 90 metra stétt við Neskinn og 100 metra stétt við Reitarveg (sjá mynd nr. 5).

### **Malarstígar og þverleiðir**

Vinnuhópurinn leggur til að byrjað verði að leggja varanlegt efni til að lagfæra stíginn frá Aðalgötu að grunnskóla og íþróttahúsi um 240 metra og jafnframt setja á hann lýsingu þar sem þetta er einn fjölfarnasti stígur bæjarins og mikil umferð á honum í skammdeginu. Stíginn frá miðbæ að Vatnasafni þarf að helluleggja í samræmi við Skólastíginn samtals 65 metra. Þá þarf að lagfæra stíg á milli Laufásvegar, Víkurgötu og Skúlagötu samtals 115 metra en mikið af efni rennur úr honum í leysingum. Þá á eftir að klára göngustíg við kirkjugarðinn samtals 160 metra og steypa göngustíginn sem liggur frá Ásklif, Áskinn að Aðalgötu samtals 260 metra.

Nýir stígar sem lagt er til að verði lagðir eru um 1km. Stígur sem þarf að gera sem er mikið genginn í dag og tengir athafnasvæðið á Reitarvegi við Lágholt, Silfurgötu og Sundabakka er um 320 metrar. Hugsanlega má skoða tengingu frá Ásklifi að Nesvegi þar sem gönguleið gæti legið um nýgert rútuplan sem er um 70 metrar. Þá er lagt til að lagður verði göngustígur frá Hótelinu að göngustíg við skóla/tjaldsvæði um 170 metrar. Tengja þarf leikvöll við Skúlagötu við Austurgötuna en mikil umferð er um garða fólks á svæðinu, á skipulagi er möguleiki á stíg. Gera má stíg frá miðbænum að Þvergötu um 90 metra. Gera þarf stíga við Tjaldsvæðið og að golfsvæðinu um 230 metra (sjá mynd 5).

Af þessum stígum ætti að steypa eða setja bundið slitlag á samtals um 800 metra. Með þessu yrðu stéttir og stígar í innanbæjarhluta Stykkishólms 20 km (sjá mynd 6).

### 3 Gönguleiðir utan þéttbýlis

#### *Inngangur*

Stykkishólmur býður upp á fjölbreytta möguleika á skemmtilegum gönguleiðum í bæjarlandinu. Hefð hefur skapast fyrir ákveðnum gönguleiðum sem sumar hverjar eru stíkaðar en aðrar ekki. Þessar gönguleiðir henta misjafnlega til útivistar þar sem sumar eru erfiðari á fótinn en aðrar, sumar eru færar gangandi og hjólandi vegfarendum (jafnvel kerrum) en aðrar alls ekki. Fjölbreytileikinn hefur sína kosti og galla. Hann kemur á móti ólíkum þörfum notenda en útilokar hugsanlega um leið ákveðna hópa frá ákveðnum svæðum eða leiðum. Mikilvægt er því að festa í sessi ákveðnar gönguleiðir, gera þær þannig úr garði að sem flestir geti nýtt sér þær og um leið verja landið óæskilegum ágangi.

#### *Núverandi ástand*

Gönguleiðir utan þéttbýlis sem þegar eru til staðar eru flestallar slóðar sem hafa markast af ágangi í gegnum tíðina, bæði eftir menn og dýr. Um er að ræða t.a.m. slóða upp með fram þjóðvegi, gamlar reiðleiðir, gamla þjóðveginn, svokallaðan hestaveg frá hesthúsum upp með flugvelli og þess háttar. Fyrir nokkrum árum var gefið út gönguleiðakort í handhægu broti sem nær yfir hluta af fyrrnefndum leiðum en þar eru merktar inn fimm leiðir á bilinu 1,3km til 4,2km (sjá mynd nr. 7). Kort þetta er vel hægt að hafa til hliðsjónar og byggja við og betrumbæta það sem fyrir er.

#### *Tillögur og forgangsröðun*

Til að gera sem flestum kleift að stunda útivist við hæfi og koma til móts við þarfir sem flestra hópa er lagt til að markvisst verði unnið að því að tengja saman þær fjölbreyttu leiðir sem fyrir eru og byggja ofan á það sem þegar er til staðar.

Til að festa í sessi notkun gönguleiðanna, kynna þær og vísa á þær er mikilvægt að vinna að gerð einfaldra vegvísa bæði innanbæjar og utanbæjar. Einnig má huga að útgáfu kynningarefnis á heimasíðu Stykkishólmsbæjar þar sem hugsanlega væri hægt að koma fyrir kortum á tölvutæku formi til útrentunar (eða niðurhleðslu í snjallsíma o.þ.h.). Þessa lausn mætti vel nýta, sérstaklega á meðan gönguleiðir eru í vinnslu, en svo mætti huga að endurútgáfu gönguleiðakorts í hentugu broti þegar framkvæmdum er lokið.

Í umræðunni hefur mikið verið rætt um göngustíg meðfram þjóðvegi sem leið liggur út úr bænum. Þeim vegspotta er auðveldlega hægt að skipta í nokkra verkhluta.

### Tillaga um fyrsta áfanga

Lagt er til að fyrsti áfangi verði frá enda gangstéttar til móts við Búðanesveg og upp að Hamraendum suðvestan Þjóðvegur. Í tengslum við fyrsta áfanga þarf einnig að tengja saman Hamraenda og Hjallatanga sjávarmegin til að mynda hringleið. Við Þjóðvegarpverun þarf að setja upp viðvörðunarskilti um gangandi vegfarendur.



### Tillaga um annan áfanga

Annar áfangi verði frá Hamraendum og að flugvallarafleggjara. Með þeirri samtengingu er kominn hringur sem liggur frá Búðanesvegi, upp með Þjóðvegi að flugvallarafleggjara, reiðvegur til baka að Hamraendum og inn Hjallatanga og út Búðanesveg.

### Tillaga um þriðja áfanga

Þriðji áfangi verði frá flugvallarafleggjara að Ögursafleggjara. Þegar þessum þremur verkhlutum er lokið er kominn grundvöllur fyrir nokkrum mislöngum möguleikum á göngu-/hlaupaleiðum.

Við fyrsta áfanga yrði til hringleið nr. 1 sem gengin er frá upplýsingaskilti sem leið liggur út úr bænum, að Hamraendum og frá Hamraendum að vestanverðu inn á Hjallatanga að Tjarnaáasi og aftur að upplýsingaskilti. Sú hringleið mælist 2,1km (sjá mynd nr. 8.1).

Við annan áfanga yrði til hringleið nr. 2 sem hefst á sama stað, gengin sem leið liggur út úr bænum að flugvallarafleggjara, að flugstöð, eftir reiðvegi (til norðurs), að Hamraendum og inn Hjallatanga sömu leið og í fyrri hringleið. Þessi hringleið mælist 3,4km (sjá mynd nr. 8.2).

Við þriðja áfanga yrði til hringleið nr. 3 sem hefst eins leiðir nr. 1 og 2, gengið framhjá Hamraendum og flugvallarafleggjara meðfram Þjóðvegi að sunnanverðu, að Ögursafleggjara og eftir honum að reiðvegi og hann genginn til baka og endað á sama veg og fyrri tvær leiðirnar. Þessi hringleið mælist 6km (sjá mynd nr. 8.3).

## 4 Aðrar tillögur

Við vinnu þessarar skýrslu komu upp ýmsar hugmyndir og vangaveltur og leyfir vinnuhópurinn sér að varpa fram eftirfarandi viðbótartillögum sem vonandi fá brautargengi og/eða ýta undir frekari hugmyndir þeirra sem fylgja þessum verkefnum eftir.

### 4.1 Tillaga um útivistarsvæði við Búðanes

Við Búðanes er falin perla sem vel má gera að vistlegu útivistarsvæði fyrir bæjarbúa og gesti. Þar er fallegt svæði með mikla sögu og gott útsýni til allra átta. Þarna mætti vel setja niður bekkir og borð, mynda fallegan ramma um svæðið og halda jafnframt á lofti minjum um forna tíma.

Þær framkvæmdir sem þarf að fara í til að þessi tillaga nái fram að ganga er að leggja um 120m langan stíg og samhliða honum veg og bílplan þannig að sú umferð sem er út á nesið skaði ekki eða valdi spjöllum á náttúru eða þeim minjum sem þar eru.



### 4.2 Tillaga um útvistarhring með æfingastöðvum

Í tengslum við vinnu hópsins voru möguleikar á æfingastöðvum við göngustíga skoðaðir og er það mat vinnuhópsins að æfingastöðvarnar væru góð viðbót við möguleika fólks til fjölbreytilegrar hreyfingar og þar með bættrar lýðheilsu. Gert er ráð fyrir að stöðvarnar henti ólíkum notendum og verði staðsettar meðfram gönguleiðum, helst á skjólsælum útvistarsvæðum og geri mismunandi kröfur til notenda. Þannig yrði búinn til heildstæður hringur með æfingastöðvum.

Lagt er til að æfingastöðvar verði settar upp í nokkrum áföngum. Hver áfangi samanstandi af þremur til sex stöðvum sem staðsettar verði þar sem mislangar gönguleiðir tengjast/mætast þannig að nýtingin verði sem best fyrir sem flesta hópa. Til að byrja með verði valdar stöðvar sem hver um sig hentar til fjölbreyttra æfinga.



Mynd sótt af [www.krummi.is](http://www.krummi.is)



### Tillaga að fyrsta áfanga:

Þrjár stöðvar í hring út frá svæði við grunnskóla/íþróttamiðstöð sem mælist um 1,1km langur. Ein stöð við grunnskólalóð, önnur við þjónustuhús tjaldsvæðis og sú þriðja við upplýsingaskilti (sjá mynd nr. 10.1). Hringurinn geti vel hentað við íþróttakennslu grunnskóla ásamt því að nýttast ólíkum hópum notenda. Stöðin við upplýsingaskiltið hafi tvíþættan tilgang og verði einnig hugsuð til tengjast litlum æfingahring sem liggur um Tjarnarás, Aðalgötu og Búðanes og geti m.a. þjónað eldri borgurum í hverfinu og öðrum íbúum. Viðkomandi geti þá gengið lítinn hring, gert æfingar og gengið svo áfram. Þessi hringur mælist tæplega 900m (Tjarnarás, Búðanes, Aðalgata, Tjarnarás) og á þeirri leið mætti jafnvel bæta við bekkjum fyrir þá sem geta eingöngu gengið stuttar vegalengdir í senn (sjá mynd nr. 10.2).



### Tillaga að öðrum áfanga:

Þrjár stöðvar í samtengingu við og í framhaldi af fyrsta áfanga. Ein stöð við áningu í Nýrækt, önnur stöð á mörkum Nýræktar og Grensáss (við enda vegspotta), þriðja stöð við Vík (inn af Flatahverfi). Þar með er kominn um 4km langur gönguhringur með sex æfingastöðvum. (sjá mynd nr. 11).

### 4.3 Tillaga varðandi gangbrautir

Í tengslum við vinnu vinnuhópsins á gönguleiðum innanbæjar kom í ljós að á ákveðnum svæðum má bæta við gangbrautum. Vinnuhópurinn beinir því þeim tilmælum til bæjaryfirvalda að skoða eftirfarandi tillögur að nýjum gangbrautum á eftirfarandi stöðum í Stykkishólmi:

1. Yfir Borgarbraut við íþróttahús til móts við Laufásveg.
2. Yfir Borgarbraut til móts við Skúlagötu.
3. Yfir Tjarnarás við gatnamót Tjarnaráss og Búðaness.
4. Yfir Aðalgötu við gatnamót Tjarnaráss og Aðalgötu til móts við tjaldsvæðisafleggjara.

## Samantekt

Greinilegt er að í Stykkishólmi eru góðir möguleikar til að skapa fjölbreytt svæði með fjölbreyttar áskoranir fyrir alla aldurshópa ef rétt er haldið á spöðunum. Bæjarstæðið og umhverfi bæjarins er krefjandi og býður upp á marga möguleika til útfærslu.

Við yfirferð á leikvöllum og leiksvæðum bæjarins kom berlega í ljós að virkileg þörf er á endurbótum og markvissri uppbyggingu. Æskilegt er að fjarlægja sem allra fyrst þau leiktæki sem uppfylla ekki staðla og beinir vinnuhópurinn þeim tilmælum til Stykkishólmsbæjar að mótaðar verði ákveðnar vinnureglur varðandi viðhald og endurnýjun og sett fram áætlun sem verði endurmetin reglulega.

Varðandi gangstéttir innanbæjar þá er brýnt að fljótlega verði farið skipulega í úrbætur við fjölfarnar götur og svæði til að bæta ástand og ásýnd þeirra. Í framhaldinu þarf að gera áætlun um aðrar götur og svæði í takt við þær áherslur sem koma fram í öðrum kafla.

Stykkishólmur er staðsettur yst á nesi og dreifist byggðin um misháar klettaborgir sem setur ákveðnar skorður við útfærslu á gönguleiðum. Núverandi slóðar og stígar liggja um klettaborgir, mýrarsvæði og móa. Engu að síður sá vinnuhópurinn marga skemmtilega möguleika fyrir góðar leiðir sem auðvelt er að tengja saman og gera þannig mislangar hringleiðir umhverfis og út frá bænum. Brýnt er að þegar farið verður í framkvæmdir við stígagerð, verði tekið tillit til landslags og umhverfis við val á efni.

Landslagið gerir yfirferð yfir ákveðin hverfi í bænum erfiða fyrir ákveðna hópa, s.s. eldri borgara og þá sem eiga erfitt með gang. Því leggur vinnuhópurinn til að bekkjum og/eða áningarstöðum verði fjölgað markvisst og tekið tillit til vegalengdar á milli bekkja á ákveðnum svæðum í bænum s.s. út frá dvalarheimili og við Tjarnarás. Aðalatriðið er að setja niður búnað til að tylla sér á með reglulegu millibili (u.þ.b. 200m millibil). Skoða má möguleika á því að virkja bæjarbúa og aðra velunnara til að taka þátt í því að fjölga bekkjum. Þannig væri hægt að bjóða áhugasömum að taka þátt í þessu verkefni og gefa minningarbekk (þ.e. bekkur gefinn í minningu látins/látinna ættingja). Þessir bekkir mættu jafnvel vera mismunandi í útliti og gerð (drumbar, stuðlaberg eða þess háttar).

Varðandi æfingastöðvar við gönguleiðir leggur vinnuhópurinn til að skoðað verði samstarf við íþróttafélög og félagasamtök. Þá má hugsa sér samstarf við starfsdeild fatlaðra, grunnskóla og/eða eldri borgara varðandi útfærslu og byggingu eða smíði á æfingastöðvum, bekkjum o.þ.h. Hafa skal í huga að skoða allar leiðir sem eru í boði til að sækja um styrki til verkefnishluta og skoða möguleika á því að bjóða fyrirtækjum að „kaupa“ stöð eða styrkja ákveðna stöð með auglýsingu.

## Lokaorð

Vinna þessi hefur verið skemmtileg og gefandi og hafa fulltrúar vinnuhópsins öðlast nýja sýn á þá möguleika sem bærinn okkar og umhverfi hans hefur upp á að bjóða fyrir bæjarbúa og þá sem sækja bæinn heim.

Í tengslum við vinnu vinnuhópsins var m.a. leitað til bæjarstjóra, byggingarfulltrúa, bæjarverkstjóra og Eflingar Stykkishólms auk óformlegra viðræðna við íbúa á förnum vegi. Einnig var óskað eftir ábendingum og tillögum frá bæjarbúum með greinarkorni í Stykkishólmspóstinum. Vinnuhópurinn þakkar öllum þeim sem liðsinntu að einhverju leyti við vinnu þessa, hjartanlega fyrir.

Skýrsla þessi afhendist hér með Stykkishólmsbæ með tillögum til úrvinnslu og eftirfylgni og er það von vinnuhópsins að tillögurnar og vinnan geti nýst Stykkishólmsbæ við forgangsröðun verkefna á komandi árum.

Stykkishólmi í júní 2012

Ingi Berg Ingason, formaður

Hrefna Frímannsdóttir

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir